

LISTIR

Saga hverfis

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu

BYGGT YFIR HUGSJÓNIR, BREIÐHOLTÍÐ FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA

Sýningin er opin alla daga frá kl. 11-18, nema fimmtudaga frá kl. 11-19. Sýningunni lýkur 5. maí.



Morgunblaðið/Ásdís

SAGA Breiðhóltsins allt frá yfirlýsingu ríkisstjórnar um úrbætur í húsnæðismálum um miðjan sjöunda áratuginn að sögu um fæðingu á bílplani í janúar á þessu ári, er reifuð á sýningunni Byggt yfir hugsjónir, Breiðholtið frá hugmynd að veruleika, sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

Blaðaúrklippur, heimildamynd, hverfaskipulag, loftmyndir, teikningar og mólur íbúðarhúsa eiga öll sinn þátt sýningunni sem komið hefur verið fyrir á efri hæð safnsins. Fyrst segir frá Breiðholti 10. júlí 1965 – í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um úrbætur í húsnæðismálum. Þremur árum síðar hafa fyrstu húsin síðan risið og athygli fjölmiðla beinist að hverfinu fyrir alvöru. Fyrirsagnir á borð við „Hvaða fólk flytur inn í Breiðhóltsíbúðirnar“ og „Við hefðum aldrei getað eignast þessa íbúð með öðru móti“ setja þar óneitanlega nokkuð tóninn að því sem á eftir kemur.

Ófrágengnar lóðir, gölluð flísalögn og hrunin eldhúsinnréttung verða fjölmiðlum þannig að fréttamat og áratugum síðar eru íbúar Breiðhóltsins enn að útskýra hvort, og þá af hverju, þeir kunni vel við sig í hverfinu.

Sýningin nær vel að kalla fram þann neikvæða tón sem oft á tíðum, sérstaklega á árum áður, hefur einkennt frásagnir fjölmiðla af þessu útverfi. En teikningarnar, hverfiskipulagið og myndir af íbúum og byggingum bera vott umbjartsýni sem einkenndi bæði uppbyggingu og skipulag. Svipmyndir úr sýnisíbúð, þar sem hreinar línur húsgagnatísku sjöunda áratugarins eru alls ráðandi, ítreka þessar vonir enn frekar.

Saga Breiðhóltsins er vissulega áhugavert sýningarefni og staðsetning loftmynda á gólfi er skemmtileg lausn á notkun myndanna, sem fyrir

vikíð birtast sýningargestum frá „réttu“ sjónarhorni. Hið mikla upplýsingamagn sem sýningin geymir, jafnt í formi texta og mynda, nær hins vegar ekki fyllilega að skila sér til áhorfenda. Magnið eitt og sér getur verið yfirþyrmandi og á köflum bíður myndmálið lægri hlut fyrir gagnrýnisróddum fjölmiðlanna. Aukin samvinnun myndra og texta hefði þannig veitt sögulegt sambengi þróunar hverfisins aukið vægi og ómerkta ljósmyndir hefðu náð að nota sjónrænan styrk sinn til fulls. Í stað þess hættir ljósleitum teikningum til að hverfa í skugga fréttaskrífa. Sú ákvörðun að birta allar fréttasíður í réttari stærð eykur enn frekar á upplýsingaflóði, enda stærð fyrirsagnanna eina vísbendingin sem sýningargestir hafa um mikilvægi hvers atviks.

Hugmyndirnar að baki Breiðhólts-sýningunni eru engu að síður góðar og sögurnar sem hún geymir vel heimsóknarinnar virði. Sú aðferð að láta gögnin tala fyrir sig dregur hins vegar nokkuð úr möguleikum áhorfenda að upplifa sýninguna á markvissan hátt og hefðu aukin afskipti stjórnenda af mikilvægi þeirra efnisþátta sem Hafnarhúsið geymir verið til bóta. Saga Breiðhóltsins er engu að síður um margt áhugaverð og neikvæð fjölmiðlaumfjöllunin vel til þess fallin að vekja fólk til umhugsunar og ástæður þessa neikvæða stimpils sem hverfinu gjarnan fylgir. Nýleg blaðaúrklippa er ágætis dæmi um þetta, en fyrirsögnin „Fæddist á bílplani í Breiðholti“ læðir óneitanlega þeirri spurningu að gestum hvort fyrirsögnin hefði verið sú sama hefði bílplanið verið í vesturbænum.

Anna Sigríður Einarsdóttir



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Unnur Fadila Vilhemsdóttir píanóleikari fyrir utan Salinn í Kópavogi.

Píanótónleikar í Salnum

UNNUR Fadila Vilhemsdóttir píanóleikari flytur verk eftir Beethoven, Chopin og Prokofieff í Salnum í kvöld, fimmtudagskvöld, kl. 20. Verkin á efnisskránni eru fulltrúar fyrir ólík tímabil tónlistarsögunnar: Sónatan ópus 31, nr. 3 eftir Beethoven er verk fullt af gáska og húmor. Ballaða nr. 4 í f-moll eftir Chopin er rómantískt verk, þar sem tvö andstæð stef ganga í gegnum miklar breytingar. Pí-

anósónata nr. 8 eftir Prokofieff er samín á tímum seinni heimsstyrjaldar og þykir bera því vitni.

Unnur Fadila lauk píanókennaraprófi árið 1990 frá Tónlistarskóla Reykjavíkur og einleikaraprófi ári síðar. Þá hóf hún framhaldsnám í Bandaríkjunum undir handleiðslu dr. Williams Black og lauk þaðan doktorsprófi í píanóleik haustið 1997. Unnur Fadila hefur verið virk í íslensku tónlistarlífi undanfarið ár.

APRÍL



Six Feet Under

Trygðu þér áskrift: 800 6161 / stod2.is / Skífan



Góða skemmtun!

Ræktaðu sjálfan þig

www.endurmenntun.is

HELENA RUBINSTEIN

TINDRANDI STJÖRNUR
THE STELLARS
GLITRANDI HÁMARKSGLJÁI

Stellars eru skrefinu framar hvað varðar gljáa varanna vegna þúsunda tindrandi ljósa. Silfurhúðaðar, glitrandi agnir, létt áferð og glampandi gljái.

Ráðgjafi frá Helena Rubinstein kynnir nýjungar í dag og á morgun.

Amazonia, vor- og sumarlitirnir eru komnir. Prodigy, glænýtt krem sem uppfyllir allar þarfir húðarinnar. Stellars, nýir, ómótstæðilegir varalitir. Við gleðjum viðskiptavini Helena Rubinstein með glæsilegum kaupaukum.

Endorra snyrtivöruverslun

Strandgötu 32, sími 5552615

Aðalfundur

Aðalfundur Samskipa hf. verður haldinn þann 11. apríl í Salnum, Kópavogi kl. 17.00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 8. gr. samþykka félagsins.
2. Tillaga stjórnar um að félaginu sé heimilt að kaupa eigin hluti samkvæmt 55. grein laga nr. 2 frá 1995 um hlutafélög.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur mun liggja frammi á skrifstofu félagsins sjö dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað við upphaf fundarins.

Stjórn Samskipa hf.

SAMSKIP

AEX/SIA/9020205

Samskip	Holtabakka við Holtaveg	104 Reykjavík	Sími 569 8300	Fax 569 8327	samskip@samskip.is	samskip.is
---------	-------------------------	---------------	---------------	--------------	--------------------	------------